

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

14. október 2025
UOS2501418/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. ágúst 2025 – ID 318

Þann 11. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Háafell ehf. Ísafjarðadjúpi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðili var minntur á að samkvæmt gr. 3.2 í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfis- og orkustofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókíaeldissvæði að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

Fjögur frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara.
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Vöktun fyrir útsetningu seiða í Seyðisfirði árið 2024 barst ekki tveimur vikum fyrir útsetningu. Vöktunin barst 29. ágúst 2025, er því frávíkinu lokað.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 29. ágúst 2025 og er frávíkinu því lokað.
4. Gr. 3.12 í starfsleyfi. Olíutunna var án lekabyttu á fóðurpramma við Skarðshlíð, einnig voru önnur efni í vélarrúmi án lekabyttu.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. nóvember 2025.

Virðingarfyllt,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits